

Grundarfjarðarbær
Kristín Þorleifsdóttir
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður

Reykjavík, 16. nóvember 2023
UST202310-130/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019 - 2039 og nýtt deiliskipulag - Hafnarsvæði og Framnes Grundarfirði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar er barst 11. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag hafnarsvæðis norður á Grundarfirði.

Í greinargerð kemur fram að breytingin á aðalskipulaginu gengur m.a. út á að landnotkun á hluta af Framnesi breytt úr athafnasvæði (AT-1) í verslun og þjónustu (VP-3), hafnarsvæði H-2 stækkað um allt að 500 m² og með lengingu á Miðgarði um allt að 50 m. Auk þess segir að skilmálum fyrir H1 breytt og uppfærðir til að veita svigrúm fyrir þróun svæðisins, svæði fyrir sérstök not haf- og strandsvæða (SN-1) færast um 50 m frá landi á kafla við Miðgarð, breyting á skilmálum fyrir athafnasvæði á Framnesi (AT-1) og stærð svæðisins, þar sem hluti svæðisins sem áður var AT-1 er nú orðinn að VP-3. Einnig er breyting á skilmálatöflu fyrir SN-1 þar sem stærð svæðisins er uppfærð. Í greinargerð deiliskipulags segir að á svæðinu er gert ráð fyrir hafnsækinni starfsemi þ.m.t. þjónustu við skemmtiferðaskip, farþega þeirra og starfsfólk á skipi og í landi, athafna- eða iðnaðarstarfsemi og eldsneytis-/ olíubirgðastöð. Auk þess er heimild fyrir hótélrekstri.

Mikilvæg fuglasvæði

Umhverfisstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðakorti NÍ, sem nefnist Breiðafjörður, vegna sjófuglabyggðar ¹ og fjara ². Umhverfisstofnun bendir á að á þessum svæðum eru fuglategundir sem eru forgangstegundir skv. Bernarsamningnum, á valista og ábyrgðartegundir Íslands³.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé einnig um fuglasvæðið í deiliskipulagsáætluninni, hver áhrif hennar sé á það og það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglasvæðisins.

¹ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/breidafjordur-0>

² <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/breidafjordur>

³ <https://www.ni.is/greinar/forangstegundir-fugla>

Landfylling og sjór

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það fjallað sé um hver áhrif landfyllingar á lífríki, en að hluta til eru áhrifin talin verða óviss eða óljós.

Umhverfisstofnun bendir á að í deiliskipulagstillögunni þarf einnig að koma fram stærð svæðis sem fer undir landfyllingu, áætluð efnisþörf landfyllingar og hvaðan efnið sé fengið eins og er gert í aðalskipulagsbreytingunni. Einnig þarf að fjalla í deiliskipulagi um leyfisveitingar Umhverfisstofnunar varðandi landfyllingar.

Ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu er um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Með umsókn um varp í hafið þurfa að berast upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.⁴

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni að varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Loftmengun

Í greinargerð segir að á undanförunum fáum árum hefur skemmtiferðarskipum sem koma til Grundarfjarðar fjölgað mikið. Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé um áhrif loftmengunar vegna aukinnar umferðar skemmtiferðaskipa.

Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunum hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

⁴ <https://ust.is/haf-og-vatn/varp-i-hafid-og-lagnir-i-sjo/varp-i-hafid/>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri